

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Flóahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Flóahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulag, Ölvisholt, ferðþjónusta.

Deiliskipulagið nær til 87.560 m² landspildu úr landi Ölvisholts þar sem gert er ráð fyrir tjaldstæðum fyrir 6 kúlutjöld ásamt tveimur byggingarreitum fyrir hreinlætisaðstöðu. Á byggingarreit B1 eru heimiluð tvö allt að 35 m² salerni með sturtu svo og allt að 35 m² aðstöðuhús og á byggingarreit B2 eru heimiluð tvö allt að 10 m² salerni.

Samþykkt í sveitarstjórn 7. mars 2018.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 4. apríl 2018.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 18. apríl 2018